

# Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar

Árið 2023, þriðjudaginn 15. ágúst kl. 10:00 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1222. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu byggingarfulltrúa 2. hæð Borgartúni 12-14, Bergvík.  
Fundinn sátu: Nikulás Úlfar Másson, Margrét Pálína Cassaro og Sigrún Reynisdóttir.  
Fundarritari var Guðrún Ósk.

## Þetta gerðist:

1. **Álfabakki 12 - USK23030203** Sótt er um leyfi til að breyta snyrtistofu, rými 0101 á 1. hæð í húsi á lóð nr. 12 við Álfabakka. Erindi fylgir samþykki eiganda fasteingar mhl. 0101, dags. 6. mars 2023, lóðauppráttur dags. 26. október 2018, mæliblað dag 11. nóvember 1981. Gjald kr.14.000.

*Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.*

2. **Álftamýri 79 - USK23040003** Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi og koma fyrir aflokuðu rými fyrir leirbrennsluofn með útloftun um núverandi skorstein í kjallara suðurálmú Álftamýrarskóla á lóð nr. 79 við Álftamýrarskóla. Gjald kr. 14.000.

*Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.*

3. **Ármúli 28 - USK23070071** Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN061577 með því að innrétta hluta húss, stækka rými fyrir skólastofur og framlengja úrræði um rekstur skóla í húsi á lóð nr. 28 við Ármúla.  
Gjald kr.14.000.

*Frestað. Vísað til athugasemda heilbrigðiseftirlitsins.*

4. **Bitruháls 2 - USK23070187** Sótt er um stöðuleyfi fyrir tvo gáma á lóð nr. 2 við Bitruháls.  
Gjald kr. 14.000.

*Frestað. Vísað til athugasemda.*

5. **Blesugróf 25 - USK23070134** Sótt er um leyfi til að rífa og fjarlægja brunarústir einbýlishúss á lóð nr. 25 við Blesugróf.  
Niðurrif: F2038293, merkt 010101, einbýlishús 109,3 ferm., 296 rúmm.  
Gjald kr. 14.000.

*Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.*

6. **Borgartún 26 - USK23060379** Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN032890 v/lokaúttektar þannig að innra skipulagi og rýmisnúmerum hefur verið breytt í kjallara og á 1., 2., 4., 5., 6. og 7. hæð verslunar- og skrifstofuhúss á lóð nr. 26 við Borgartún.  
Erindi fylgir yfirlit breytinga og greinargerð um brunavarnir frá Örug, dags. 26. júní 2023.  
Stærð eftir breytingar, mhl. 01, A-rými: 17.737 ferm., B-rými: 908,2 ferm.  
Samtals: 18.645,2 ferm., 69.433,5 rúmm.  
Gjald kr. 14.000.

*Frestað. Vísað til athugasemda.*

7. **Borgartún 27 - USK23070105** Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN060805 með því að breyta innra skipulagi salerna á hæðum auk þess eru breytingar á allri 1. hæðinni í húsi nr. 27 við Borgartún. Gjald kr.14.000.

*Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.*

8. **Borgartún 8-16A - USK23050303** Sótt er um leyfi til að innrétta hjólageymslu í sökkulrými undir syðri niðurkeyrslu í bílakjallara á lóð nr. 8-16A við Borgartún. Erindi fylgir brunahönnun frá Örugg dags. 23. maí 2023. Stækkun: xx ferm., xx rúmm. Gjald kr. 14.000.

*Frestað. Vísað til athugasemda.*

9. **Brekkuhús 1 - USK23060227** Sótt er um leyfi til að innrétta rými 0101 fyrir skrifstofur og sjúkraþjálfun og gera breytingar á útliti hússins sem snýr að gluggum og hurðum á fyrstu hæð í húsi nr. 1 við Brekkuhús. Gjald kr.14.000.

*Frestað. Vísað til athugasemda.*

10. **Bólstaðarhlíð 47 - USK23070024** Sótt er um leyfi til að setja niður færanlega kennslustofu sem verður innréttuð sem kennarastofa á lóð nr. 47 við Bólstaðarhlíð. Gjald kr. 14.000.

*Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.*

11. **Drápuhlíð 2 - USK23030174** Sótt er um leyfi til þess að staðsetja tvö bílastæði og tvöfalda rafhleðslustöð við norðurhlíð lóðar íbúðarhúss á lóð nr. 2 við Drápuhlíð. Erindi fylgir samþykki meðlóðarhafa, ódagsett bréf umsækjanda og ljósmyndir af lóð og mannvirkjum. Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. ágúst sl. fylgir erindi. Gjald kr. 14.000.

*Synjað. Samanber umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. ágúst 2023.*

12. **Efstaleiti 19 - BN061631** Sótt er um leyfi til að innrétta skrifstofur og koma fyrir timburskjólveggjum til afmörkunar á og við verönd á rými 0121 í mhl. 02 á lóð nr. 19 við Efstaleiti. Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 1. ágúst 2023 og yfirlit breytinga. Gjald kr. 13.200.

*Frestað. Vísað til athugasemda.*

13. **Engjasel 15 - USK23070228** Sótt er um leyfi til að bæta við tveimur gluggum í kjallara í húsi nr. 15 við Engjasel. Gjald kr.14.000.

*Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.*

14. **Fornhagi 1 Hagaskóli - USK23070233** Sótt er um leyfi til að breyta áður samþykktu erindi BN061701 fyrir bráðbirgðahúsnæði fyrir Hagaskóla á lóð nr. 1 við Fornhaga. Gjald kr.14.000.

*Frestað. Vísað til athugasemda.*

15. **Fornhagi 1 Hagaskóli - USK23070234** Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN060938 þannig að kennslustofum verði breytt í kennarastofu á 1 hæð í A - álmu í Hagaskóla í húsi nr. 1 við Fornhaga. Gjald kr.14.000.

*Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.*

16. **Fossagata 11 - BN061838** Sótt er um leyfi til að byggja bílskúr, mhl. 02 og gerð grein fyrir áður gerðum breytingum á 1. hæð og í risi, búa til sameign í kjallara þar sem inntökin eru ásamt áður gerðum þakgluggum og gera nýtt sorpgerði á lóð nr. 11 við Fossagötu. Stærð: 24.9 ferm., 91.4 rúmm. Samþykki meðeiganda fylgir erindi og útskrift úr gerðabók skipulagsfulltrúa dagsett 7. júlí 2022 og 16. febrúar 2023. Afgreiðslufundur skipulagsfulltrúa 3. ágúst sl. Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir. Samræmist deiliskipulagi. Gjald kr. 13.200.

*Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verði þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt.

17. **Freyjugata 16 - USK23070227** Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN061489 og innrétta gististað í flokki II, teg. minna gistiheimili, fyrir 10 gesti í húsi á lóð nr. 16 við Freyjugötu. Gjald kr.14.000.

*Frestað. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.*

18. **Granaskjól 12 - BN061364** Sótt er um leyfi til að reisa bílgeymslu úr forsteyptum einingum með einhalla hefðbundnu timburþaki í norðaustur horni lóðar við hús á lóð nr. 12 við Granaskjól. Stækkun: 32,0 ferm., 112,0 rúmm. Erindi fylgir afrit umsagnar skipulagsfulltrúa vegna fyrirspurnar dags. 26. apríl 2018, uppfært eyðublað umsóknar dags. 28. nóvember 2022, bréf umsækjanda vegna samþykki eigenda, dags. 28. nóvember 2022, afrit állits kæruneftdar húsamála, mál nr. 74/2020 og afrit óundirritaðrar eignaskiptayfirlýsingar dags. janúar 2015. Erindi var grenndarkynnt frá 29. mars til og með 4. maí 2023. Engar athugasemdir bárust. Gjald kr. 12.600.

*Frestað. Vísað til athugasemda.*

19. **Hallveigarstígur 1 - USK23070065** Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN060827 með því að breyta hurð á gangi milli rýma 0301 og 0304 og að "öruggt biðsvæði" verði tekið út á 3. hæð í húsi á lóð nr. 1 við Hallveigarstíg. Gjald kr.14.000.. USK23070065

*Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.*

20. **Hallveigarstígur 1 - USK23070235** Sótt er um leyfi til að innrétta gistiskála fyrir 140 gesti í húsi nr. 1 við Hallveigarstíg. Gjald kr.14.000.

*Frestað. Vísað til athugasemda.*

21. **Hamarsgerði 6 - BN060280** Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN029804 og byggja kvisti á suðurhlíð, ásamt því að breyta gluggum á 1. og 2. hæð einbýlishúss á lóð nr. 6 við Hamarsgerði. Jafnframt er erindi BN059888 dregið til baka.  
Stækkun, 8,6 rúmm.  
Eftir stækkun: 161,5 ferm., 402,4 rúmm.  
Gjald kr. 12.100.

*Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*

22. **Hlíðarhús 7 - USK23030087** Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi 2. og 3. hæða í mhl. nr. 01, þ.e. fjölga hjúkrunarrýmum um átta og nýjum vaktrýmum komið fyrir í miðkjarna húss á lóð nr. 3-7 við Hlíðarhús. Erindi fylgir yfirlit breytinga og minnisblað Mannvits dags. 19. júlí 2023. Gjald kr.14.000.

*Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.*

23. **Hverfisgata 4A - USK23060330** Sótt er um leyfi fyrir breytingum á innra fyrirkomulagi bakhússins Hverfisgata 4a og 6a. Engar breytingar eru gerðar á framhúsi Hv. 4 - 6. Gerð er grein fyrir breytingum á meðf. aðalteikningum og skýringarteikningum. Samþykki meðeiganda fylgir með umsókninni.

*Frestað. Vísað til athugasemda.*

24. **Höfðabakki 1 - USK23070124** Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og innréttá veitingastað í flokki II, teg. a fyrir 130 gesti í rýmum 0002 og 0003 í mhl. 02. á lóð nr. 1 við Höfðabakka. Erindi fylgir minnisblað um brunahönnun dags. 11. júlí 2023. Gjald kr. 14.000.

*Frestað. Vísað til athugasemda heilbrigðiseftirlitsins.*

25. **Iðufell 16 - USK23060329** Sótt er um leyfi til að setja færanlega starfsmannaaðstöðu á lóð leikskóla, á lóð nr.16 við Iðufell.  
Gjald kr.14.000.

*Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.*

26. **Kleppsvegur 28 - USK23070066** Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN043408 með því að klæða vestur og austurgافل húss með Steni - klæðningu, undirkerfi klæðningar verður úr áli í húsi nr. 26-28 við Kleppsveg.  
Gjald kr.14.000.

*Frestað. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.*

27. **Krókháls 9 - USK23060184** Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN045317 þannig að hætt er við fjórðu hæðina, til að byggja einnar hæðar byggingu með millilofti, auk þess verður neðri hæð byggingar lítillaga stækkuð til norðvesturs auk nokkurra breytinga á innra skipulagi neðri hæðar þar sem tengingin milli kjallara og 1. hæðar verður felld niður í húsi á lóð nr. 9 við Krókháls.  
Stækkun: xx,x ferm., xx,x rúmm.  
Eftir breytingu: xx ferm., xx rúmm.  
Erindi fylgir yfirlit breytinga unnið á aðaluppdráttum erinda BN045318, BN043725 og BN057064, greinargerð brunahönnuðar dags. 12. júní 2023 og greinargerð aðalhönnuðar.  
Gjald kr. 14.000.

*Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.*

28. **Kuggavogur 26 - USK23070025** Sótt er um leyfi til að koma fyrir öryggissvæði fyrir hreyfihamlaða með tilheyrandi samskiptabúnaði í geymslurými í kjallara í húsi nr. 26 við Kuggavog.  
Gjald kr. 14.000.

*Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.*

29. **Kóngsbakki 4 - USK23070123** Sótt er um leyfi til að klæða austurhlíð og vesturgafli með 2 mm sléttri álklaðningu á húsi nr. 4 við Kóngsbakka.  
Gjald kr.14.000.

*Frestað. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.*

30. **Lambhagavegur 13 - USK23030083** Sótt er um leyfi til að stækka milliloft og breyta innra skipulagi geymslu, rými 0206 og 0214 í húsi á lóð nr. 13 við Lambhagaveg.  
Stækkun: 20,0 ferm.  
Erindi fylgir skýringarblað hönnuðar á breytingum dags. 6. mars 2023 og yfirlit breytinga.  
Gjald kr.14.000.

*Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verði þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt.*

31. **Langirimi 21-23 - USK23020163** Sótt er um leyfi til að innrétta íbúðir á 2. hæð húss á lóð nr. 21-23 við Langarima.  
Gjald kr. 14.000.

*Frestað. Vísað til skrifstofu stjórnslu og gæða.*

32. **Laugavegur 143 - USK23070246** Sótt eru um leyfi til að gera svalir út frá hverri íbúð / hæð og breyta núverandi gluggum í hurðir, auk þess eru teikningar innanhúss uppfærðar með smávægilegum breytingum sem hafa verið gerðar á baðherbergjum og eldhúsum allra íbúðanna frá því sem er á upphaflegum gildum aðaluppdráttum af húsinu. Að öðru leiti er skipulag innanhúss óbreytt. Útlit byggingarinnar er óbreytt frá gildum aðaluppdráttum nema gluggar hafa verið endurgerðir í samræmi við upphaflegar teikningar af húsinu. Á baklóð hússins er gert ráð fyrir 3 bílastæðum, einu fyrir hverja íbúð í húsi nr. 143 við Laugarveg. Erindinu fylgir samþykki allra eiganda dags. 24. apríl 2023.  
Gjald kr.14.000.

*Frestað. Vísað til athugasemda.*

33. **Lokastígur 28A - USK23010050** Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og innrétta gististað í fl. II í húsi á lóð nr. 28A við Lokastíg.  
Erindi fylgir samþykki meðeigenda.  
Gjald kr. 14.000.

*Frestað. Vísað til athugasemda.*

34. **Lágmúli 6-8 - USK23070224** Sótt er um leyfir fyrir rafrænt ljósaskilti á S-V vegg Lágmúla 6-8. Skiltið er fest á stálburðarvirki sem fester á steiptan útvegg mannvirkisins, Stærð skiltis er 580 x 580 cm. Flettiskilti hefur verið á þessum veggfleti í áraraðir og var upphaflega samþykkt 1991. Gjald kr. 14.000.

*Frestað. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa*

35. **Miðtún 78 - USK23060314** Sótt er um leyfi til niðurrifs á bílageymslu og að byggja nýja bílageymslu á lóð nr. 78 við Miðtún.  
Gjald kr.14.000.

*Frestað. Vísað til athugasemda.*

36. **Norðlingabraut 2 - USK23050317** Sótt er um leyfi til að innrétta veitingastað á fyrstu hæð í rými 0102 sem sérhæfir sig í pizzum í húsi nr. 2 við Norðlingabraut.  
Gjald kr. 14.000.

*Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.*

37. **Norðlingabraut 2 - USK23060351** Sótt er um leyfi til að innrétta apótek í rými 0103 í mhl. 01 í verslunarhúsi á lóð nr. 2 við Norðlingabraut.  
Erindi fylgir brunahönnun frá Örugg dags. 8. júní 2023.  
Gjald kr. 14.000.

*Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.*

38. **Rafstöðvarvegur 37A - USK23080058** Sótt um stækkun núverandi borholuhúss um 9 fermetra til vesturs til að geta komið fyrir stærri spennu fyrir borholudæluna í húsinu.

*Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*

39. **Seiðakvísl 39 - USK23030199** Sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu við hús og stækka bílskúr á lóð nr.39 við Seiðakvísl. Ekki er gerð skipulagsleg athugasemd við erindið. sjá umsögn 03.08.2023.  
Gjald kr.14.000.

*Frestað. Vísað til athugasemda.*

40. **Stangarhylur 7 - USK23050194** Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og innrétta tónlistarstúdíó í rými 0101 í húsi á lóð nr. 7 við Stangarhyl.  
Gjald kr. 14.000.

*Frestað. Vísað til athugasemda.*

41. **Sundlaugavegur 32 - USK23060312** Sótt er um leyfi til að byggja hjólaskýli og sorpgerði á lóð nr.32 við Sundlaugaveg. Gjald. kr.14.000.

*Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.*

42. **Tjarnargata 10 - USK23060183** Sótt er um leyfi til að setja nýjar svalir á íbúðir 0202, 0302 og 0402, auk þess eru svalir 0501 minnkaðar og svalir á íbúð 0502 eru stækkaðar í húsi nr. 10 við Tjarnargötu.  
Gjald kr.14.000.

*Frestað. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.*

43. **Tómasarhagi 27 - USK23020095** Sótt er um leyfi til að hækka mæni og bæta við tveimur kvistum á fjöleignahús á lóð nr. 27 við Tómasarhaga.  
Stærð: xx,x ferm., xx,x rúmm.  
Erindi fylgir samþykki í afriti fundargerðar húsfélags, dags. 27. nóvember 2022.  
Gjald kr.14.000.

*Frestað. Málinu vísað til skipulagsfulltrúa umsagnar og/eða grenndarkynningar.*

44. **Vínlandsleið 12 - USK23060241** Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN059866 v/lokaúttektar þannig að innra skipulagi í matsal á 3. hæð hefur verið breytt í skrifstofuhúsi á lóð nr. 12, við Vínlandsleið.  
Gjald kr. 14.000.

*Frestað. Vísað til athugasemda.*

45. **Þingvað 35 - USK23020241** Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN032724 vegna lokaúttektar þannig að innra skipulagi einbýlishúss hefur verið breytt og komið hefur verið fyrir geymslum, garðskála og heitum potti á lóð nr. 35 við Þingvað. Erindi fylgir samþykki lóðarhafa Þingvaðs 33 dags. 13. mars 2023, yfirlit breytinga og afrit af aðaluppdráttum samþykktum 11. nóvember 2005. Gjald kr. 14.000.

*Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.*

46. **Þórunnartún 2 - USK23070226** Sótt er um leyfi til að gera breytingar innanhúss á 3. hæð vegna notkunarbreytingar í húsi nr. 2 við Þórunnartún. Gjald kr.14.000.

*Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.*

**Fundi slitið kl. 14:00**

Nikulás Úlfar Másson  
Margrét Pálína Cassaro  
Sigrún Reynisdóttir  
Guðrún Ósk Hrólfsdóttir